

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur
B.t Bæjarráð

Kópavogi 22. ágúst 2023

Varðar afnot af Tónahvarfi 2, Kópavogi.

Senn fer að hefjast vinna við nýjan áfanga Arnarnesvegur og tengingu hans við Breiðholtsbraut á Vatnsenda. Þetta er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Veitna og Mílu. Einnig er þetta hluti af Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir hönd verktaka sem nú eru að hefja verkið, Suðurverks hf og Loftorka Reykjavík ehf, þá er óskað eftir því að Kópavogsbær veiti þessum verktökum leyfi til að setja upp vinnubúðir á lóðinni að Tónahvarfi 2, Kópavogi. Þessar vinnubúðir standi þá tímabundið á þessari lóð í þau 3 ár sem verk þetta tekur.

Ástæða þess að óskað er eftir aðstöðu á þessari lóð er sú að lóðin er á mjög heppilegum stað til að þjónusta þetta verk, þannig að hægt er að komast af með einar vinnubúðir á framkvæmdatíma, fyrir brúarsmíðina og jarðvinnuframkvæmdir.

Við lóðina eru tengingar fyrir vatn, rafmagn og frárennsli. Mikill fjöldi manns kemur til með að vinna að þessu verki næstu 3 árin sem kallar á töluverðar vinnubúðir, bílastæði og svæði fyrir efnislager og vinnuvélar. Undir þessa aðstöðu þarf svæði á stærð við lóðina að Tónahvarfi 2.


Hinn valkosturinn er að verktakar koma sér fyrir á svæðinu við væntanlega brú með vinnuaðstöðu fyrir brúarsmíðina. Önnur vinnuaðstaða þarf síðan að vera einhvers staða sunnan við Breiðholtsbrautina fyrir vegagerðina. Slík staðsetning á vinnubúðunum fylgir mikið jarðrask á svæðum sem í dag eru vel gróin útivistarsvæði. Bæði þarf að koma búðum og bílastæðum fyrir og eins þarf að grafa skurði langa vegu til að koma lögnum að og frá þessum vinnubúðunum.

Það yrði mikið hagræði fyrir verkið ef verktakar fá leyfi til að nota þessi ónýttu lóð að Tónahvarfi 2 næstu 3 árin og það mun þýða að öllu jarðraski á grónum útivistarsvæðum í námunda við vinnusvæðið er haldið í algjöru lágmarki.

Með von um jákvæðar undirtektir. Ef einhverjar spurningar eru þá vinsamlega hafið sambandi við undirritaðan í síma 893 3667 eða á netfangið gol@sudurverk.is

Virðingarfyllt

F.h. Suðurverks hf og Loftorku Reykjavík ehf.



Guðmundur Ólafsson
Verkefnastjóri.

